



Áhættustefna 2018

30. nóvember 2017

1. Inngangur

Áhættustýring hjá sjóðnum skal vera skipulögð og virk, tryggja fagleg vinnubrögð og nauðsynlegt eftirlit. Áhættustýring á að vera eðlilegur og óaðskiljanlegur hluti af starfsemi sjóðsins og stjórnarháttum á öllum sviðum. Öll framkvæmd áhættustýringar á að endurspegla þessi sjónarmið.

Áhættustýring er viðfangsefni allra starfsmanna og stjórnarmanna Stapa. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu leiða með góðu fordæmi og stuðla þannig að heilbrigðu siðferði og góðum starfsháttum innan sjóðsins. Í þessu felst m.a. að koma á starfsanda sem leggur áherslu á mikilvægi áhættustýringar og að áhættustýring sé hluti hefðbundinna verkefna og daglegra starfa. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsmenn hafi skilning á hlutverki sínu í áhættustýringu sjóðsins og taki fullan þátt í henni.

Áhættustýringarstefna og aðrar reglur og ferlar lýsa eftir atvikum hlutverki starfsmanna hvað varðar áhættustýringu. Ferlar skulu skjalfestir um alla meginþætti starfseminnar og endurskoðaðir reglulega, skilgreining þeirra skal taka mið af þeim áhættuþáttum sem taka þarf tillit til varðandi tilgreindan verkþátt. Ferlarnir gera þannig lífeyrissjóðnum kleift að greina, meta, vakta og stýra áhættu í starfsemi sjóðsins. Sú skilgreining sem í heildstæðu regluverki sjóðsins felst getur aldrei verið tæmandi upptalningu og þar sem þeim sleppir treystir sjóðurinn á skynsemi og heiðarleika stjórnar og starfsmanna.

2. Eigið áhættumat

Stjórn sjóðsins skal móta framkvæmd áhættumats fyrir sjóðinn og skjalfesta verkferla þar sem m.a. eru skilgreind hlutverk þeirra sem koma að matinu. Vinna skal slíkt áhættumat árlega og hvenær sem verulegar breytingar verð á áhættusniði sjóðsins. Áhættumatið skal taka mið af eðli og umfangi sjóðsins og þar með taka tillit til allra viðeigandi áhættuþátta, vera framsýnt og í samræmi við rekstur og stefnur lífeyrissjóðsins. Niðurstöður áhættumatsins skal kynna fyrir stjórn og í framhaldinu viðeigandi starfsmönnum, ásamt þeim ályktunum sem draga má af ferlinu. Skila skal inn til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um eigin áhættumat eigi síðar en 30. júní ár hvert.

Áhættumatið myndar grunn að breytingatillögum hvað varðar fjárfestingarstefnu, áhættustefnu, áhættustýringarstefnu og aðra verkferla, ásamt því að skilgreina þá áhættuþætti sem fylgjast þarf reglulega með í áhættumælingarskýrslum, reglubundnum könnunum áhættustjóra og öðrum skýrslum.

3. Áhættuþoli og áhættuvilji

Árleg fjárfestingarstefna tekur mið af áhættuþoli sjóðsins og áhættuvilja stjórnar. Eftir nýlegar breytingar á réttindakerfi sjóðsins er jafnvægi milli eigna og skuldbindinga að mestu innbyggt í samþykktir sjóðsins. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því alltaf líkleg til þess að sveiflast nærri 0% á hverjum tíma og ekki þörf á miklum breytingum á skilgreindum áhættuvilja og -þoli milli ára. Réttindasjóður sjóðfélaga tekur mánaðarlegum breytingum í samræmi við afkomu eignasafns sjóðsins. Við úrskurð eftirlauna er réttindasjóði breytt í verðtryggð eftirlaun í samræmi við stöðu eignasjóðsins á réttindadegi, þ.e. þeim degi sem upphafstaka eftirlauna er miðuð við. Breytileiki í ávöxtun, fram að réttindadegi hefur því bein áhrif á þau eftirlaun sem sjóðfélagi fær úrskurðuð ævilangt.

Áhættuvilji sjóðsins er skilgreindur út frá ávöxtunarmarkmiði hans sem er 3,5% raunávöxtun. Ef að aðstæður á verðbréfamörkuðum eru á þann veg að auka þarf merkjanlega áhættutöku eignasafns sjóðsins til að markmiðsávöxtun náist er stjórn sjóðsins reiðubúin að lækka ávöxtunarmarkmið sjóðsins. Stapi vill því við gerð fjárfestingastefnu hverju sinni:

- Lágmarka líkurnar á því að réttindi sjóðfélaga rýrni, þ.e. lágmarka líkurnar á neikvæðri ávöxtun eignasafnsins
- Lágmarka líkurnar á því að kaupmáttur réttinda sjóðfélaga rýrni, þ.e. lágmarka líkurnar á neikvæðri raunávöxtun.
- Hámarka líkurnar á því að ávöxtunarmarkmið sjóðsins náist.

Áhættuþol sjóðsins er því skilgreint við að það eignasafn sem fjárfestingastefnan stefnir að gefi m.v. grunnspá um ávöxtun og áhættu innan við 10% líkur á að réttindi skerðist (neikvæð nafnávöxtun) og innan við 25% líkur á því að kaupmáttur réttinda skerðist (neikvæð raunávöxtun).

4. Frávik

Starfssvið áhættustýringar skal, að lágmarki ársfjórðungslega, framkvæma nauðsynlega útreikninga á áhættu í tengslum við rekstur lífeyrissjóðsins og skila skýrslu um niðurstöður sínar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins. Í skýrslunni skal sérstaklega tiltekið hvort frávik hafi komið fram á tímabilinu og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar.

Lífeyrissjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu hið fyrsta, þó eigi síðar en innan 10 virkra daga ef:

- upp koma tilvik um alvarleg frávik eða brot á skilgreindum mörkum áhættu, eða
- upp koma tilvik þar sem eftirlitskerfið tekur ekki með fullnægjandi hætti á skilgreindri áhættu sem lífeyrissjóðurinn telur geta haft áhrif á rekstur sjóðsins.

Auk upplýsinga um frávik skal tilkynningin einnig innihalda upplýsingar um viðbrögð lífeyrissjóðsins við tilgreindum frávikum.

5. Endurskoðun stefnu

Stefnu þessa skal endurskoða árlega eða þegar breytingar á áhættusniði sjóðsins gefa tilefni til þess.

Stjórn staðfestir hér með áhættustefnu sjóðsins fyrir árið 2018.

Akureyri, 30. nóvember 2017.

F.h. stjórnar Stapa lífeyrissjóðs